

Alþingi
Erindi nr. P 138/481
komudagur 7.12.2009

Nefndasvið Alþingis
b/t Umhverfismálaráðgjafar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. Desember 2009

Umsögn um Þingsályktunartillögu um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu 19. mál

Hlutverk Ferðamálasamtaka Íslands (FSÍ)

Ferðamálasamtök Íslands þakka fyrir tækifæri að lýsa skoðun sinni á þessari tillögu. Ferðamálasamtökin eru hagsmunasamtök ferðapjónustuaðila um allt land, stórra og smárra. Allir sem starfa að ferðapjónustu geta tekið þátt í starfi samtakanna.

Ferðamálafélög, söfn og setur og sveitarfélög eiga einnig aðild að samtökunum. Stjórn FSÍ skipa 8 fulltrúar, hver frá sínum landshluta en formaður er kjörinn beinni kosningu á aðalfundi. Þessi samstarfsvettangur er víðtæk uppspretta hugmynda og þar fer fram starf grasrótarinnar í ferðapjónustunni. Aðildargjöld eru í lágmarki sem stuðlar að breiðri þátttöku.

Ferðamálasamtök landshlutanna hafa verið helstu stofnendur og eigendur markaðsstofa landshlutanna og upplýsingamiðstöðva um allt land.

Landnýtingaráætlun fyrir miðhálandið

Stjórn Ferðamálasamtaka Íslands fagnar þessari þingsályktunartillögu um landnýtinu og tekur undir hvert orð í henni. Stjórnin er reiðubúin til samstarfs um undirbúning og framkvæmd og býður fram aðstoð við kynningu á verkefninu þegar það er tímabært.

Ferðapjónustan er vaxandi atvinnugrein og öllum er ljós sú þörf að leggja línur til framtíðar í umgengni við landið okkar. Stjórn Ferðamálasamtakanna hvetur þingmenn til að sameinast um málið og koma því sem fyrst á framkvæmdastig.

Virðingarfyllst,
Fh stjórnar FSÍ
Unnur Halldórsdóttir formaður